



Fyrirtækjaráðgjöf

## Endurskipulagning fyrirtekja

Í ljósi breyttra markaðsaðstæðna er ljóst að mörg fyrirtæki þurfa að fara í gegnum endurskipulagningu þar sem skipulag og form fyrirtekja eru mikilvæg fyrir afkomu þeirra.

Vel skipulögð fyrirtæki eru betur í stakk búin til að þróast og aðlagast í samræmi við síbreytilegar kröfur markaðarins.

Hvernig eiga fyrirtæki að standast þau viðfangsefni sem standa fyrir dyrum í dag og hvernig er hægt að lágmarka þann tíma sem verja þarf til breytinga og endurskipulagninga?

Þjónusta

PricewaterhouseCoopers hf.

---

PricewaterhouseCoopers hf. (hér eftir vísað til sem PwC) veitir fyrirtækjum hagnýta ráðgjöf um endurskipulagningu og endurfjármögnun.

PwC býr yfir umtalsverðri þekkingu og reynslu af því að veita fyrirtækjum fjárhagslega- og skipulagslega ráðgjöf. PwC hefur gott orðspor og víðtæka reynslu við endurskipulagningu á alþjóðlegum vettvangi. PwC hefur á að skipa reyndum sérfræðingum í fyrirtækjaráðgjöf og hefur auk þess aðgang að öflugum þekkingargrunni á heimsvísu.

Þjónusta og ráðgjöf PwC varðandi endurskipulagningu fyrirtekja nær til allra þátta rekstursins. Helst ber þar þar nefna stjórnunar- og fjárhagslega þætti.

---

Fjárhagsleg endurskipulagning

PwC veitir öllum tegundum af fyrirtækjum, smáum sem stórum, fjárhagslega ráðgjöf og hagnýtar lausnir sem eru sérsníðnar að hverjum viðskiptavini.

Fyrirtæki standa í dag frammi fyrir breyttum aðstæðum varðandi fjármögnun reksturs enda er ljóst að fjármagn verður ekki eins auðfengið og verið hefur á síðustu árum. Ráðgjafar PwC aðstoða fyrirtæki við að nálgast hagkvæma fjármögnun, bæði innanlands sem utan, ásamt því að veita margvíslega ráðgjöf og aðstoð við samningagerð við fjármögnunaraðila og/eða fjárfesta og stuðla þannig að endurbættri afkomu og möguleikum til vaxtar.

Aðkoma óháðra sérfræðinga er til hagræðingar fyrir alla aðila og er til þess gert að spara tíma, ná fram hagkvæmni og auka trúverðugleika.

Er fyrirtækið í stakk búíð til að takast á við þær markaðsaðstæður sem nú eru uppi?

Viltu endurskipuleggja fjármögnun fyrirtækisins á hagkvæmari hátt?

Viltu auka aðlögunarmöguleika fyrirtækisins?

Viltu fá aukið gagnsæi og skilvirkni í reksturinn?

## Stjórnunarleg endurskipulagning

Í alþjóðlegu markaðsumhverfi með síharðnandi samkeppni, er mikil áskorun í því að standa undir vaxandi kröfum fjárfesta um arðsemi. Flækjustig við stjórn fyrirtækja er stöðugt að aukast og þáttum sem hafa áhrif á afkomu fyrirtækja fjölga. Fyrirtæki sem vilja leggja aukna áherslu á að ná markmiðum sínum, skerpa sýn fyrirtækisins og stefnu, þróa stefnumótun og efla stjórnun, geta leitað til sérfræðinga PwC sem hafa víðtæka reynslu af slíkri ráðgjafar- og innleiðingar vinnu.

## Staða fyrirtækja í dag

### Dæmi um verkefni sem fyrirtæki standa frammi fyrir í dag

- Markaðsbreytingar (erlendir og innlendir markaðir)
- Endurfjármögnun (skammtímalán í langtímalán, ódýrari fjármögnun)
- Stjórn og stefna fyrirtækis er ekki í samræmi við þarfir markaðarins
- Rekstrareiningar fyrirtækisins eru ekki í samræmi við kjarnastarfsemi samstæðunnar og eru ekki að skila tilætlaðri arðsemi

Af stöðu ýmissa fyrirtækja má gjarnan sjá þess merki að aðkallandi aðstæður og verkefni séu framundan. Sé tímanlega komið auga á slík aðkallandi verkefni, þau greind og aðgerðir hafnar með markvissum hætti, er hægt að lágmarka líkurnar á að aðstæður nái að þróist í að verða að vandamáli.

Með markvissum og viðeigandi aðgerðum er gjarnan hægt að stöðva og snúa óhagstæðri þróun eða yfirvofandi hættu sér í vil og þannig skapa tækifæri til umbóta. Með því að veita aðkallandi verkefnum réttmæta athygli er á skilvirkan hátt hægt að ná tókum á stöðunni með nýrri og bættri nálgun. Það er því mikilvægt að fá ráðgjöf og sérfræðiaðstoð í tæka tíð.

### Dæmi um þjónustu okkar

- Greining á fjármálum fyrirtækis, s.s. fjárhagslegri stöðu, lánum, rekstri og stjórnun
- Bera kennsl á aðkallandi verkefni og gera áhættugreiningu
- Áætlanagerð og stefnumótun
- Endurskipulagning reksturs
- Ráðgjöf við endurskipulagningu eigna og/eða eininga innan fyrirtækis
- Ráðgjöf og aðstoð til að efla greiðslugetu og/eða bæta fjármögnun fyrirtækja

Þessi kynning felur ekki í sér ráðgjöf af neinu tagi. Ekki ætti að afhafast samkvæmt þessu kynningarriti án þess að fá sérfræðilega ráðgjöf. PricewaterhouseCoopers hf., PricewaterhouseCoopers LLP, hluthafar, starfsmenn og umboðsaðilar bera ekki ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru í þessu riti eða aðgerðum sem framkvæmdar eru af hálfu annarra aðila á grundvelli þessara upplýsinga.

© 2008 PricewaterhouseCoopers hf. Allur réttur áskilinn. „PricewaterhouseCoopers“ eða „PwC“ vísar til PricewaterhouseCoopers hf. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða beinum tilvísunum að vísað sé í önnur fyrirtæki í samstæðu PricewaterhouseCoopers International Limited sem öll eru lagalega sjálfstæðar einingar.

## Tengiliðir

Halldór Þorkelsson  
Sviðsstjóri Fyrirtækjaráðgjafar  
+ 354 550 5229  
halldor.thorkelsson@is.pwc.com

Kristján Markús Bragason  
Varasviðsstjóri / viðskiptafræðingur  
+ 354 550 5350  
kristjan.m.bragason@is.pwc.com